Augliti til auglitis

Myndlist



Hrafnhildur Schram

Hingað er nú komin norræna farandssýningin „Augliti til auglitis“ sem síðastliðið ár hefur ferðast um Norðurlöndin og er Reykjavík síðasti viðkomustaður hennar á þessari miklu hringferð.

Sýningin er hér á vegum norræna myndlistarsambandsins og Félags íslenskra myndlistarmanna, sem er aðili að sambandinu, en einum manni, svíanum og listfræðingnum Staffan Cullberg var falið að velja verkin og skipuleggja sýninguna. Að Kjarvalsstöðum gefur nú að líta afrakstur ferðalaga hans um Norðurlöndin 1975 og 1976 er hann sótti heim sýningar og listamenn.

Til Íslands kom Cullberg m.a. tvisvar sinnum þeirra erinda og hefur því bæði haft tíma og fé við að draga saman sýninguna, en Norræni menningarmálasjóðurinn stóð að mestu leyti straum af kostnaðinum. Þar sem þarna er ekki um sölusýningu að ræða, fá höfundar verkanna borgaða leigu fyrir framlög sín meðan á sýningartíma stendur.

Allt frá árinu 1946 hefur norræna myndlistarbandalagið staðið fyrir meiriháttar norrænum samsýningum, þar sem dómnefnd úr hópi listamanna sjálfra hefur valið verkin eftir listrænum forsendum. Síðasta áratuginn hefur ríkjandi gildismat á listaverkum verið í stöðugri endurskoðun. Margir setja fram þær kröfur að listaverkin eigi ekki aðeins að vera falleg og dekoratíf, heldur sé mikilvægt að gera sér grein fyrir hverjum verkin séu ætluð, hvaða þörf þau mæti eða hvað þau geti boðið samfélaginu. Listin er ekki lengur aðeins fagurfræðilegt vandamál, heldur þjóðfélagslegt um leið, og listamaðurinn í dag reynir að kanna umhverfi sitt, sem hann þarf að gera sér aðgengilegt og virkja með einhverjum hætti.

Cullberg var boðið að freista þess að setja saman sýningu með nýju formi í víðara samhengi og með nánara sambandi við daglegt líf og tengsl fólks við náttúru og borg. Hann hefur valið að fylgja ákveðnu þema eða hugmynd sem hann gerir ítarlega grein fyrir í formála sýningarskrár. Hugmyndina fékk hann við lestur skáldsögu Michel Tourniers.

Hlutur dana er bæði sterkur og samfelldur, sérlega verk Erik Hagens, máluð í hálfnaívum stíl með dapurlegum undirtón: Sumar í svarta ferningnum nr. 20 og Fyrsti maí ellilaunafólksins og öryrkjanna. Palle Nielsen lýsir lífvana stórborg sem tortímir sjálfri sér í kraftmiklum svörtum pensilteikningum.

Þess bera að geta að hafa skal það í huga að sýningin er hér ekki í sinni upphaflegu mynd eins og hún var sýnd í Stokkhólmi í fyrra og er hún hér sýnd sterkt niðurskorin. Því hefur eitt sterkasta verk Svía, einangrunarklefi fyrir fanga, gerður af Lars Kleen orðið eftir heima.

Jan Håfström á þarna mikið olíumálverk, **Jörðina** nr. 55, sem sýnir nýplægðan jarðskika með gróskumikilli svartri mold, annars þykir mér uppskera svíanna hér heldur rýr.

Af finnskum framlögum ber mest á myndþrennu finnans Matti Kujasalo, sem hann kallar **Gangandi ferninga** nr. 5, 6 og 7 máluð með akryllitum. Hér er kominn besti málari sýningarinnar, sem byggir myndir sínar upp eftir ströngum konstruktiviskum formum, sem hann síðan leysir upp með því að litsetja með optískum áhrifum þannig að ferningarnir virðast dansa um myndflötinn.

Saminn Andreas Alariesto er hreinræktaður naivisti sem gerir myndskreytingar við sagnir og sögur úr þjóðlífi sama og tengir á þann hátt saman orð og mynd á barnslegan og einlægan hátt.

Á svipaðan veg vill Cullberg sjá íslendinga, myndvefnaður Blómeyjar Stefánsdóttur og Óskars Magnússonar gefur til kynna að þarna séu verðugir fulltrúar íslenskra naivista og eru verk þeirra af **Syndafallinu** og **Minning** með bestu framlögum íslendinganna, þar sem tæknina vantar, bæta þau upp með hugmyndaríku myndefni og skærum og munaðarfullum litum.

Í sumar stóð sýningin í Nikulásarkirkju í Kaupmannahöfn og þar sá ég myndvefnað Hildar Hákonardóttur, sem er athyglisvert innlegg í kaup og kjarabaráttu kvenna, á hvítkölkuðum steinveggjum kirkjunnar og þar nutu þær sín mun betur en þær gera á Kjarvalsstöðum. Hildur hefur tileinkað sér frásagnarmáta í myndvefnaði sínum sem er ákaflega skýr og einfaldur, eins og miðalda kirkjumálningar sem allir gátu lesið úr, kannski þess vegna fannst mér vefnaður hennar njóta sín framúrskarandi vel í Nikulásarkirkjunni.

Ágúst Petersen sýnir 7 mannamyndir sem mér finnst lítið erindi eiga inn á þessa sýningu, myndin af Gylfa er sú besta, en erlendis skilst mér að hann hafi sýnt mestmegnis húsamyndir sem vonandi voru í betri gæðaflokki.

Frjádagur eða Hin eyjan, sem byggð er á hinu góðkunna ævintýri Daniels Defoe um Robinson Krúsó, en saga Tourniers fær, eftir því sem Cullberg segir í sýningarskrá, óvæntan endi, allfrábrugðinn þeim sem við þekkjum því þar sest náttúrubarnið Frjádagur í húsbóndasætið. Róbinson fylgir sínum nýja húsbónda, sem uppgefinn þjónn, inn í nýjan og framandi heim þar sem hann upplifir gömlu eyjuna með reynslu og lífsviðhorfum Frjádags og forfeðra hans. Þessi nýja lífssýn opnar augu Róbinsons fyrir ótal möguleikum, sem áður voru honum huldir.

Hver kynslóð á sitt Róbinsonævintýri og með bók Tourniers í huga hefur Cullberg leitað uppi þá listamenn, sem að hans dómi eru að fást við að búa til list sem hefur eitthvað upprunalegt og ferskt yfir sér, þá sem sjá og skynja raunveruleikann á annan hátt en flestir aðrir.

Þetta er falleg hugmyndafræði en nokkuð langsótt, sjálf á ég ákaflega erfitt með að koma auga á þær staðreyndir sem Cullberg bendir á. Sýningin er ekki svo mjög frábrugðin stærri samsýningum sem sjá má á meginlandinu, kannski aðeins fjölbreyttari og skemmtilegri, en á engan hátt eins óvanaleg og Cullberg vill halda fram.

Þemasýningar af ýmsu tagi hafa verið mikið í tísku undanfarin ár og þá sérlega í Svíþjóð og hef ég séð margar ágætar sýningar af því tagi, en þá þarf líka að vera fyrir hendi sameiginlegur þráður, sem hvergi er hægt að koma auga á hér.

Þeir 25 listamenn af fimm þjóðernum, sem þarna sýna eru fulltrúar flestra þeirra listastefna og tjáningarmiðla sem sjá má í vesturlenskri myndlist í dag. Þarna eru olíumálverk, vatnslitamyndir, teikningar, grafík, myndvefnaður og skúlptúr, og innihaldið eins fjölbreytilegt og efnið.

Það vakti athygli mína að þrír af fjórum norðmönnum, sem þarna sýna, eru allir meðlimir listahópsins „Lyn“ í Bergen, félagsskapur sem yngri listamenn þar hafa stofnað. Ekki er ég það vel að mér í því sem í dag er að gerast í norskri nýlist að ég geti leyft mér að efast um að Cullberg hafi gert þarna réttlátt val, en meðal þeirra þremenninganna er Bård Breivik, sem á ein sérstæðustu verk sýningarinnar, það eina sem fallið gæti undir þema Cullbergs. Þetta eru gólfverk sem hann kallar Shelter eða Þak og líkjast þau risasveppum þar sem þau standa þrjú í röð á fjalagólfinu, unnin úr lífrænum efnum, fyrsta þakið birkiefni, annað kálfshúð og hið þriðja alfiðrað. Það sem einkennir verk Breiðvíkingsins er aðdáunarvert handbragð og rík tilfinning fyrir því efni sem hann vinnur við í hvert skipti.

Tryggvi Ólafsson, sem búsettur hefur verið í Kaupmannahöfn, myndar einskonar mótvægi við heimafólkið sem landinn sem hefur haft höndina á slagæð nýlistar í norðurálfu, er rómantískur litkeri. Hann á þarna fallegar myndir, sem því miður fá ekki að njóta sín nógu vel í upphengingu þar sem að þeim hefur verið þrengt of mikið.

Hringur Jóhannesson sem sýnir þarna átta olíupastelmyndir, brotamyndir af landslagi og náttúrufyrirbrigðum gerir heilan myndheim úr afskaplega litlu og sýnir okkur það sem við ekki gefum okkur tíma til að kynnast í dægurþrasi og hraða nútímalífsins. Það getur verið áhugavert að upplifa þessa sýningu út frá þeim forsendum.


Hrafnhildur Schram.



Myndvefnaður Blómeyjar Stefánsdóttur og Óskars Magnússonar: Minning t.v. og Syndafallið.

Listin að leika á sjálfan sig

Kjallarinn



Haraldur Ellingsen

Öllum er ljóst að sjúkleiki og spilling hrjáir íslenzkt þjóðfélag. En hvers vegna aðhefst enginn neitt? Jú, sannleikurinn er sá, að við höfum sjálf kosið okkur þetta hlutskipti, beint eða óbeint. Þegar talað er um ógnir verðbólgunnar brosa margir í kampinn og hugsa með sér. Ég tapa ekki á henni, svo mikið skulda ég. Sá sami gerir sér ekki grein fyrir að verðbólgan er eins og hvert annað átumein, sem grefur um sig og rangherfir öllum viðmiðunum í þjóðfélaginu og heildarniðurstaðan er gegndarlaus sóun fjármagns og lægri þjóðartekjur, sem kemur niður á öllum.

Svo er það pólitíska spillingin. Hún kemur færri einstaklingum til góða, en þá eru hinir, sem lifa í voninni um að fá mola af borðum hennar fyrr eða síðar. Stjórnmálamenn hafa einnig greinilega færzt í aukana sl. ár. Nú eru öll tilþrif þeirra á þessu sviði orðin miklu stórkostlegri og lítið verið að pukra með hlutina. Ágætt dæmi um þetta eru húsakaup tveggja ríkisstofnana. Einn fyrir mig, annar handa þér. Við erum kvittir.

Fólk, er kýs svona herra til að stjórna, á ekki betra skilið. En heildarniðurstaðan er sú, að þjóðartekjur eru verulega lægri á Íslandi en í nágrannalöndunum og launakjörin allt að helmingi lægri, því fyrirtækin geta ekki greitt eins hátt kaup. Þetta stafar mest af ofangreindum ástæðum: Spillingu og rangri atvinnustefnu, sem verðbólgan hefur brenglað. En hinn almenni borgari unir vel við sinn hag. Honum hefur tekizt að leika á sjálfan sig.

Þá eru það stjórnmálamennirnir. Þeir túlka stefnu síns flokks, en sjálfrátt eða ósjálfrátt taka þeir mið af stefnu hinna flokkanna. Með smávægilegri vinstri eða hægri sveiflu mætti ná einhverju betri fréttirnar af nýjum útboðum á verðtryggðum spariskírteinum. En þessi lausn getur ekki frestað hruni eins og nú er komið nema mjög skamma stund. Þá mun almenningur vakna af sjálfsblekkingardvalanum, sem hann kallaði sjálfur yfir sig. En þá verður það of seint.

Haraldur Ellingsen viðskiptafræðingur.